

Er valfrelsi fyrir séreignarsparnað í hættu?

Eftir Arnald Loftsson

Skoðun miðstjórnar ASÍ um að réttast sé að fresta heimild til að greiða hluta af skyldu-iðgjaldi í séreignarsparnað fer þvert gegn hagsmunum félagsmanna ASÍ á vinnu-markaði, sem eru um 110 þúsund manns. Frestunin kemur til framkvæmda ef ASÍ nær samkomulagi við Samtök atvinnulífsins (SA) um málið og gerðar verða viðeigandi breytingar á samþykktum lífeyrissjóða. Þegar og ef málið kemur til kasta Alþingis er mikilvægt að það tryggi frelsi sjóðfélaga til að velja vörsluaðila fyrir séreignarsparnað.

Forsaga málsins

Eins og kunnugt er greiða launþegar 4% og launagreiðendur 10% af launum í lífeyrissjóð samkvæmt SA-LEK-samkomulaginu. Sjóðfélagar lífeyrissjóða, sem heyra undir samningssvið ASÍ og SA, hafa frá 1. júlí sl. getað valið að greiða allt að 2 prósentustigum af framlagi launagreiðenda í svokallaða tilgreinda séreign (hér eftir kölluð TS). Framlag launagreiðenda mun hækka um 1,5 prósentustig 1. júlí 2018 sem felur í sér að óbreyttu að sjóðfélögum verði heimilt að ráðstafa allt að 3,5% í TS. Heildariðgjaldið verður þá 15,5%. Velji sjóðfélagar ekki að greiða í TS rennur iðgjaldið í samtryggingu í skyldulífeyrissjóði. Kostir þess að greiða hluta af iðgjaldi í séreign eru að útgreiðslur verða sveigjanlegri og að séreign fellur til erfingja við andlát. Hvorugt gildir um iðgjöld í samtryggingarsjóð en þau veita aftur á móti mikilvæg tryggingaréttindi.

Samkomulag ASÍ og SA fól í sér að sjóðfélaga væri skylt að greiða TS-iðgjaldið til þess lífeyrissjóðs sem tæki við iðgjaldi í samtryggingu, þ.e. skyldulífeyrissjóðs. Það er í andstöðu við lög um starfsemi líf-



Arnaldur Loftsson

eyrissjóða enda stöðvæði Fjármálaeftirlitið (FME) þessa framkvæmd í júlí sl. og gætti þannig hagsmuna sjóðfélaga sem felast í að geta valið sér sjálfir vörsluaðila fyrir TS.

Athugasemdir við greinargerð ASÍ

Í greinargerð á vef ASÍ frá 10. nóvember sl. er reynt að færa rök

fyrir því að réttast sé að fresta heimild sjóðfélaga til að greiða iðgjald í TS þar til lagabreytingar tryggja að TS-iðgjald geti eingöngu runnið til skyldulífeyrissjóðs. Ástæða er til að gera athugasemdir við umfjöllun í greinargerðinni um innheimtu og upplýst samþykki.

Óvissa um innheimtu

Í greinargerð ASÍ kemur fram að túlkun FME varðandi skil á hækkuðu iðgjaldi valdi því að óvissa hafi skapast um hver beri ábyrgð á innheimtu þess ef til vanskila kemur.

Bent skal á að hafi lífeyrissjóður ekki mótttekið iðgjöld frá launagreiðanda og ekki fengið upplýsingar sem sýna fram á vanskil iðgjalda þá er lífeyrissjóðnum heimilt en ber ekki skylda til að fara í innheimtuaðgerðir – enda geta verið eðlilegar ástæður fyrir því að iðgjaldið var ekki greitt. Í þessum tilvikum ber sjóðfélaginn sjálfur ábyrgð á að upplýsa lífeyrissjóðinn ef um vanskil er að ræða. Sama gildir um ábyrgð sjóðfélaga á vangreiddu TS-iðgjaldi ef einungis 12% lágmarksiðgjald berst í samtryggingu í skyldulífeyrissjóðinn og launagreiðandi sendir ekki TS-skilagrein til lífeyrissjóðsins eða annars vörsluaðila. Sjóðfélagi getur ætíð fylgst með iðgjaldagreiðslum sínum með því að skoða sjóðfélaga-yfirlit sitt sem er aðgengilegt á sjóðfélagavef lífeyrissjóðanna og annarra vörsluaðila. Að auki fá sjóðfélagar send yfirlit yfir iðgjalda-greiðslur tvisvar á ári. Af framan-

» Vonandi bera nýkosnir alþingismenn gæfu til að tryggja valfrelsi sjóðfélaga fyrir TS líkt og gildir um annan séreignarsparnað.

sögðu er ljóst að sjóðfélagi þarf að fylgjast með greiðslum í TS eins og við á um greiðslur í hinn hefðbundna frjálsa viðbótarsparnað á sama hátt og sjóðfélagi þarf að standa vörð um önnur kjarasamningsbundin réttindi sín eins og launagreiðslur, orlof o.fl.

Þrátt fyrir framangreinda ábyrgð sjóðfélaga þá bera lífeyrissjóðirnir sjálfir ríka ábyrgð á innheimtu iðgjalda í ákveðnum tilvikum. Samkvæmt samþykktum lífeyrissjóða, 6. gr. kjarasamnings ASÍ og SA um lífeyrismál frá 1995, svo og skv.

ákvæðum laga um starfsemi lífeyrissjóða varðandi eftirlit RSK með iðgjaldagreiðslum, ber lífeyrissjóðum skylda til að innheimta vangoldin iðgjöld í eftirfarandi tilvikum: 1) Lífeyrissjóði berst frá launagreiðanda skilagrein sem er í vanskilum. 2) Sjóðfélagi óskar eftir innheimtu vangreiddra iðgjalda á grundvelli launaseðla. 3) RSK upplýsir lífeyrissjóði um vangreidd iðgjöld en RSK hefur lögbundið eftirlit með því að starfandi einstaklingar greiði tilskilið 12% lágmarksiðgjald í lífeyrissjóð. Þessi upptalning sýnir að aðilar vinnu- og lífeyrissjóðir og löggjafinn hafa ákveðið að standa vörð um iðgjöld sjóðfélaga og þar með dýrmæt lífeyrisréttindi þeirra. Það er því misskilningur að með fyrirmælum FME um að sjóðfélagi geti valið vörsluaðila fyrir TS hafi óvissa skapast um hver beri ábyrgð á innheimtu ef til vanskila kemur.

Áður nefndar breytingar á kjarasamningi um hækkun iðgjalds gera það sennilega að verkum að Alþingi hækki lögbundið lágmarksiðgjald í lífeyrissjóð hjá öllum starfandi einstaklingum úr 12% í 15,5% frá 1. júlí 2018. Ákvæði um hækkun lágmarks-

iðgjalds voru þegar komin í frumvarp sem var í smíðum sl. vor en ekki reyndist unnt að leggja það fram fyrir þinglok. Að óbreyttu myndi RSK við lagasetninguna hafa lögbundið eftirlit með greiðslum á 15,5% lágmarksiðgjaldi, þ.m.t. greiðslum í TS. Í því tilviki verða líkur á að iðgjöld í TS tapist við vanskil launagreiðenda óverulegar hvort sem sjóðfélagi ákveður að ávaxta iðgjöldin hjá skyldulífeyrissjóði eða öðrum vörsluaðila.

Ákvæði um upplýst samþykki

Í greinargerðinni bendir ASÍ á að í samkomulagi ASÍ og SA sé frelsi sjóðfélaga til að velja á milli samtryggingar og TS háð því að viðkomandi sjóðfélagi hafi tekið upplýsta ákvörðun um að ráðstafa hluta skyldutryggingargjalds [þ.e. 2%] í TS. ASÍ telur að skortur á laga-grundvelli og túlkun FME valdi því að ekki verði unnt að uppfylla þetta ákvæði og óvissa muni því ríkja um réttindi og skyldur hjá viðkomandi lífeyrissjóðum.

Minnt skal á að velji sjóðfélagi að greiða TS-iðgjald til annars vörsluaðila en skyldulífeyrissjóðs þarf hann að skrifa undir samning þess efnis enda ber hann einn ábyrgð á þeirri ákvörðun. Sem dæmi má nefna að í samningi Frjálsa lífeyrissjóðsins skrifar sjóðfélagi undir upplýst samþykki sem felur m.a. í sér að hann geri sér grein fyrir að ákvörðun um að greiða í TS í stað samtryggingar hafi áhrif á ávinnslu réttinda í samtryggingu. ASÍ er í lófa lagið að óska eftir að aðrir vörsluaðilar hafi ákvæði um upplýst samþykki í sínum samningum ef þau eru þar ekki fyrir. Er ég sannfærður um að aðrir vörsluaðilar tækju vel í slíka ósk. Á það hefur ekki verið látið reyna. Það ætti því að vera auðvelt að uppfylla ákvæði samkomulags ASÍ og SA um upplýst samþykki.

Þörf á viðtækara samráði

Eins og áður hefur komið fram telur ASÍ að réttast sé að fresta

heimild sjóðfélaga til að greiða hluta af skyldu-iðgjaldi í TS. Er frestunin m.a. rökstudd með því að óvissa skapist um innheimtu vangreiddra iðgjalda ef hægt er að greiða iðgjaldið til annarra vörsluaðila en í skyldulífeyrissjóð. Það kemur á óvart að ASÍ hafi ekki óskað eftir að Landssamtök lífeyrissjóða rýni í hið meinta innheimtuvandamál til að greina það og finna lausnir. Almenn má segja að á samráð hafi skort við lífeyrissjóði, stjórnvöld o.fl. um innleiðingu á breytingunum sem fylgdu hækkun iðgjalds. Það kemur sjóðfélögum að sjálfsgöðu til góða ef aðilar vinnu- og lífeyrissjóðanna og aðrir hagsmunu- aðilar lífeyrissjóðs vinna betur saman til að gera gott lífeyriskerfi enn betra.

Alþingi standi vörð um frelsi sjóðfélaga

Samkvæmt áður nefndri greinargerð stefnir ASÍ að því að fá lögum breytt þannig að TS-iðgjaldið fari einungis í viðkomandi skyldulífeyrissjóð. Það sjónarmið hefur komið fram að hugsanlega geti slíkt bann á vali á vörsluaðila verið brot á samkeppnislögum en engin athugun virðist hafa verið gerð á því. Þá er spurning hvort slík takmörkun samrýmist Evrópulöggjöf. Vonandi bera nýkosnir alþingismenn gæfu til að tryggja valfrelsi sjóðfélaga fyrir TS líkt og gildir um annan séreignarsparnað. Jafnframt væri æskilegt að Alþingi einhenti sér í að hækka lögbundið lágmarksiðgjald úr 12% í 15,5% eins og stefnt var að sl. vor og þar með tryggja eftirlit RSK með skilum launagreiðenda á heildariðgjaldinu. Slík lagabreyting myndi eyða þeirri óvissu sem ASÍ telur ríkja um innheimtuna. Ég vænti þess einnig að Samtök atvinnulífsins hafi valfrelsi starfsmanna fyrirtækja að leiðarljósi þegar þau taka ákvarðanir í þessum efnunum.

Höfundur er framkvæmdastjóri Frjálsa lífeyrissjóðsins.